

# Stofnunarsamningur milli Sjálfsbjargar Akureyri og félagsmanna BHM. 2016

## 1. gr.

Samningur þessi nær yfir sjúkra-og iðjuþjálfar sem starfa við Endurhæfingarstöð Sjálfsbjargar á Akureyri að Bjargi, Bugðusiðu 1 og eru félagsmenn í Stéttarfélagi sjúkra-og eða iðjuþjálfar. Samningurinn er sjálfstæður viðbótarsamningur við kjarasamning fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags sjúkrahjálfa hins vegar frá 01.03.2015 með áorðnum breytingum og kjarasamning Félags sjúkrahjálfa og Sjálfsbjargar á Akureyri frá 25.02.2016 með áorðnum breytingum. Við undirritun þessa samnings falla allir eldri samningar úr gildi, aðrir en þeir sem hér eru nefndir.

## 2. gr.

Sjálfsbjörg félag fatlaðra á Akureyri og nágrenni er í samningi þessum nefndur vinnuveitandi. Samningur ríkisins og Stéttarfélags sjúkra-og iðjuþjálfar er nefndur aðalkjarasamningur, samningur á milli Sjálfsbjargar Akureyri og Stéttarfélags sjúkrahjálfa er nefndur kjarasamningur, samningur sá er hér um ræðir nefndur stofnanasamningur

## 3. gr.

Meginmarkmið stofnunarsamnings þessa skal vera eins og segir í 11. kafla aðalkjarasamnings grein 2.1 að styrkja starfsemi stofnunarinnar þegar til lengri tíma er litið. Að færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi. Að auka gæði þjónustunnar með því að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað. Að skapa forsendur fyrir betri starfskilyrðum starfsmanna. Samstarfinu er ætlað að bæta rekstrarskipulag stofnunarinnar, bæta nýtingu rekstarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi. Aðilar eru sammála um að í samningi þessum verði aðallega stuðst við tvo megin þætti við mat á röðun í launaflokka þ.e. lið 11.3.2 þar sem fjallað er um hæfni og reynslu.

## 4. gr.

Sjúkra-og iðjuþjálfar skulu sinna öllum almennum störfum er undir starf þeirra heyra. Sjúkra-og iðjuþjálfar skulu starfa sjálfstætt án leiðsagnar annarra. Sjúkrahjálfarar sem hafa meira en eins árs starfsreynslu skulu skipta með sér störfum yfirsjúkrahjálfa. Sjúkra-og iðjuþjálfar skulu annast kynningu á starfseminni, bæði gagnvart læknum og almenningi.

  
Handwritten signatures and initials in blue ink, including "ERR", "HSA", and "KES".

## 5. gr.

Vinnutími sjúkra-og iðjuþjálfa skal vera hálfri stund styttri en aðalkjarasamningur segir til um þ.e. 7,30 klst. Vinna skal hefjast kl 8:00 og ljúka kl 15:30 miðað við 100% starf. Heimilt er þó báðum aðilum að semja um annan vinnutíma ef það hentar betur. Í hlutastarfi getur vinnutími verið breytilegur. Innifalið í vinnutíma er 30 mínútna hádegishlé, en kaffitímar eru unnir. Dagleg vinnuskylda í 100% starfi eru því 7 klst. og meðal vinnustundir í mánuði 151,69 klst. Hlutfallsstarf reiknast hlutfallslega. Sjúkra og-iðjuþjálfar í fullu starfi, með meira en eins árs starfsreynslu skulu skila að jafnaði 1.265 einingum á hvern unninn vinnudag og aðrir hlutfallslega.

## 6. gr.

Frá 01.08.2016 raðast sjúkra-og iðjuþjálfar í launaflokka sem hér segir.

- 07 Byrjunarlaun nýútskrifaðs sjúkra- og iðjuþjálfa.
- 08 Eftir eitt ár í starfi
- 09 Eftir þrjú ár í starfi
- 10 Eftir sjö ár í starfi

Starfsreynsla telst sá tími sem sjúkra-og iðjuþjálfari hefur starfað í faginu.

Hverjar 120 klst í viðurkenndu viðbótarnámi veita hækkun um eitt þrep til hægri í launatöflu.

30 eininga ECTS nám sem samþykkt er af samráðsnefnd FS/SÍ skal veita 1,65% launahækkun.

60 eininga ECTS nám sem samþykkt er af samráðsnefnd FS/SÍ skal veita 3,30% launahækkun.

Meistaránám veitir hækkun um tvo launaflokka.


Sérfræðiviðurkenning veitir hækkun um þrjú launaflokka.

Doktorsnám sem nýtist í starfi veitir hækkun um fjóra launaflokka.

Prepahækkanir og aðrar menntunar hækkanir sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar vegna meistara, sérfræði og doktorsnáms.

## 7. gr.

Sjúkra-og iðjuþjálfarar sem stunda sérnám, fara á ráðstefnur eða sækja framhalds- og/eða endurmenntunarnámskeið, með samþykki vinnuveitanda, skulu sækja um greiðslu kostnaðar til Starfsþróunarseturs háskólamanna. Vinnuveitandi skal lána fyrir námskeiðsgjöldum þar til að sjóðir BHM endurgreiða viðkomandi launamanni. Stefnt skal að því að allir séu skuldlausir við vinnuveitanda um áramót. Vinnuveitandi skal greiða að hámarki kr. 20.000 vegna námskeiða og eða fundarsetu árlega.



## 8. gr.

Sjúkra-og iðjuþjálfar fái endurgreiddan kostnað vegna vinnufatnaðar gegn framvísun reiknings sem nemur 40 þúsundum á ári. Upphæðin flyst ekki á milli ára.

**9. gr.**

Innifalið í mánaðarlaunum er vinna vegna undirbúnings og skýrslugerðar.

**10. gr**

Sjúkra –og iðjuþjálfar hafa ekki vinnuskyldu á þorláksmessu, aðfangadag né gamlársgdag.

**11. gr**


Sjúkra – og iðjuþjálfar afsala sér greiðslu á fæðispeningum, gegn því að stöðin sé lokuð milli jóla og nýárs.

**12.gr**

Sjúkraþjálfurum sem starfa á Bjargi er heimilt að sinna meðferðum (ambulant) í allt að 1,5 klst daglega frá kl. 15,30-17,00 í húsnæði vinnuveitanda. Haft skal samráð um þessa vinnu við framkvæmdstjóra og metur hann þörfina að teknu tilliti til stöðu biðlista og einingastöðu hjá SÍ. Vinna þessi er verktakavinna og færist sem slík í bókhaldi vinnuveitenda og er talin fram til skatts á vertakamiðum. Sjúkraþjálfarar greiða vinnuveitanda 10% af tekjum vegna ambulanta á vinnustað og 5% vegna ambulanta í heimahúsum.

Akureyri 01/08 2016

f.h. Sjálfsbjargar á Akureyri  
með fyrirvara um samþykki stjórnar.

  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

f.h. sjúkra og- iðjuþjáfa á Bjargi.

